

Skólaráðsfundur

25. febrúar 2020 kl. 16:10 á Hrauninu

Samráðsfundur með nefndum og ráðum GSnb

Mættir voru :

Skólaráð:

Hilmar Már Arason, skólastjóri
Elfa E. Ármannsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Eygló Bára Jónsdóttir kennari
Ingibjörg K. Kristjánsdóttir foreldri
Maríanna Sigurbjargardóttir, kennari
Marek Imgront, foreldri

Fræðslunefnd:

Þorbjörg Erla Halldórsdóttir
Kristgeir Kristinsson
Sigrún Erla Sveinsdóttir
Gunnsteinn Sigurðsson
Monika Cecylia Kapanke

Nemendaráðin

Norðan Heiðar:

Björg Eva Elíasdóttir
Anton Erik Antonsson
Úlfar Ingi Þrastarson

Stjórnir foreldrafélaganna

Norðan Heiðar:

Heimir Berg Vilhjálmsson
Stjórnunarteymi
Elfa E. Ármannsdóttir
Hilmar Már Arason
Kristjana Árnadóttir
Margrét Gróa Helgadóttir
Theódóra Friðbjörnsdóttir
Vilborg Lilja Stefánsdóttir

Fulltrúar sunnan heiðar komust ekki vegna veðurs og ófærðar.

Dagskrá fundarins:

1. Setning og kynning
2. Fréttir úr skólstarfinu
3. Skólanámskrá – endurskoðuð
4. Skóladagatal 2020 – 2021
5. Endurskoðun á skólareglum
6. Íslensku menntaverðalaunin
7. Önnur mál

1. Setning og kynning

- Þeir sem voru boðaðir á fundinn eru meðlimir stjórnunarteymisins, stjórnar nemendaráðanna, stjórnar foreldrafélaganna, skólaráðs og fræðslunefndar - 39 manns
- Tilgangur þessa fundar var að kalla saman þær nefndir og ráð sem vinna að hagsmunum skólans. Kynna fyrir þeim stefnu og stöðu í skólanum, nefndarfólk kynnist, fá umræður og hlusta eftir mismunandi sjónarmiðum nefndarfólks.

2. Fréttir úr skólastarfinu

- Kára studio. Búið er að kaupa upptökutæki, nemendafélagið lagði fram kr. 400 þúsund og skólinn kr. 600 þúsund. Studíóið var skýrt í höfuðið á Kára húsverði af því hann vann mjög ötullega að uppsetningu þess.
- Samstarf við Frystiklefann. Kári Viðarsson var með leiklist fyrir alla bekki skólans.
- 4 árshátíðir – 2 búnar. Árshátíðir unglinga- og miðstígs norðan heiðar búnar.
- Olweus – eineltiskönnun
 - Nemendur í 5.-10. bekk norðan Heiðar eru 117 nemendur
 - Ef skoðuð eru svarhlutföll nemenda þá eru þrír sem svara „alla leið“ og myndu því skv. skilgreiningunni teljast vera að lenda í einelti
 - Fundir með foreldrum í næstu viku
- Kórónaveiran Novel (2019-nCoV)
Leiðbeiningar til almennings og ferðamanna
<https://www.landspitali.is/um-landspitala/fjolmidlateg/frettir/stok-frett/2020/01/31/Koronaveiran-Novel-2019-nCoV-Leidbeiningar-til-almennings-og-ferdamanna/>
Búið er að setja upp sprittstanda í matsölum skólans.

- Innra mat
Þetta er sama líkan og Menntamálastofnun notar við úttekt á grunnskólum.

Samantekt

Viðfangsefni	16-17	17-18	18-19	19-20	Mt
1. Nám og kennsla:					
1.1 Inntak, árangur og framfarir	4	4,2	4,1		4,1
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi	3,4	3,5	3,9		3,6
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu		3,2	3,7		3,45
1.4 Námsþættir og námsvitund		3,2			3,2
1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda					
1.6 Skóli án aðgreiningar					
2. Mannauður:					
2.1 Fagmennska starfsfólks			4		4
2.2 Starfsánægja, liðan og aðbúnaður á vinnustað	4	4,1			4,1
3. Stjórnun og skipulag:					
3.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi					
3.2 Stjórnun skólans			4,5		4,5
3.3 Faglegt samstarf	4	3,9			3,95
3.4 Skólabróun og starfsþróun			4,1		4,1
3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	4,7	3,7	4,5		4,3
4. Skólabragur:					
4.1 Viðmót og menning			4,5		4,5
4.2 Velferð og liðan nemenda	4,9	4,2	4		4,4
4.3 Samstarf heimila og skóla			4,7		4,7
5. Innra mat					
5.1 Framkvæmd innra mats		3,2			3,2
5.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats		4,6			4,6
6. Innra mat					
6.1 Samantekt og mat hvernig til hefur tekist með þetta líkan					
	6	10	10	6	

- Eitt líf fyrirlestur 03.03. kl 17:30. Einnig verður fyrirlestur fyrir starfsmenn skólans sama dag. Nánari upplýsingar um verkefnið: <https://www.eittlif.is/>

„Það þarf heilt þorp
til að ala upp barn.“

eitt líf 

Minningarsjóður Einars Darra sem stendur fyrir forvarnarfræðslunni Eitt líf verður með erindi í Grunnskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík þann 3. mars kl. 17:30.

Erindið er sérstaklega ætlað foreldrum/forráðamönnum og einstaklingum sem vinna með börnum og ungmennum.

Allir fullorðnir eru velkomnir.

Fundurinn er samstarfsverkefni Minningarsjóðs Einars Darra, Grunnskóla Snæfellsbæjar og foreldrafélaga grunnskólans.





3. Skólanámskrá – endurskoðuð

Hægt að nálgast á heimasíðu skólans: https://b0eddec8-188d-43e5-ad7d-543122658791.filesusr.com/ugd/78b0ab_838f44264edf47fb9c054402018770d0.pdf

4. Skóladagatal 2020 – 2021

- Þetta þarf að koma fram:
 - 8 starfsdagar „utan skóla“, fyrir og eftir skólabyrjun
 - 5 starfsdagar á skólatíma
 - Árshátíð – telur tvo daga
 - Vetrarfrí?
 - 2 foreldra- og nemendasamtalsdagar
 - Uppbrotsdagar (allt að 10 dagar), sbr grein 2.1.6.2. Skertir skóladagar nemenda teljast ekki til uppbrotsdaga
 - Vordagar
- Skólarnir á Nesinu stilli sig saman?
Nefndir og ráð skili inn athugaendum til skólastjóra fyrir 10.mars varðandi skóladagatal.

5. Endurskoðun á skólareglum

- Sjá: <https://sites.google.com/gsnbskoli.is/gsnb/home>
Skólastjóri fór yfir skólareglurnar. Áætlað að þær verði tilbúnar og taki gildi næsta haust.

6. Íslensku menntaverðlaunin

Undirbúningur Íslensku menntaverðlaunanna gengur vel en samtökin hafa umsjón með þessu verkefni í samvinnu við fjölmarga aðila (sjá um verðlaunin á þessari slóð: <http://skolathroun.is/menntaverdlaun/>). Í mars verður auglýst eftir tilnefningum svo þið getið farið að velta fyrir ykkur hverjir koma til greina. Verðlaunin verða veitt í þremur flokkum:

1. **Framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur.** Ein verðlaun eru veitt í þessum flokki, til skóla eða annarrar menntastofnunar, sem stuðlað hefur að menntaumbótum er þykja skara fram úr.
2. **Framúrskarandi kennari.** Ein verðlaun eru veitt í þessum flokki til kennara sem stuðlað hefur að menntaumbótum sem þykja skara fram úr.
3. **Framúrskarandi þróunarverkefni.** Verðlaun fyrir framúrskarandi þróunarverkefni eru veitt verkefnum sem standast ítrustu gæðakröfur um markmið, leiðir, inntak, mat og kynningu, hafa samfélagslega skírskotun og nýtast til að efla menntun í landinu. Til greina koma verkefni sem tengjast skóla- eða frístundastarfi, listnámi eða öðru starfi með börnum og ungmennum og hafa ótvírætt mennta- og uppeldisgildi.

Að auki er veitt hvatning til einstaklings, hóps eða samtaka sem stuðlað hafa að menntaumbótum er þykja skara fram úr.

Mjög mikilvægt

Tölum vel um skólann okkar, starfsfólk, nemendur og foreldra.
Ræðum af heilindum og kurteisi hvert við annað.
Það er í lagi að vera ósammála en við erum ekki andstæðingar.
Betra að tala við fólk en um það.
Setjum mál í réttan farveg.



7. Önnur mál

a) **Ábendingalína Barnaheilla til hjálpar börnum**

Nýverið var ný tilkynningasíða Ábendingalínunnar opnuð á vefslóðinni barnaheill.is/abendingalina. Ábendingalínan er ætluð bæði börnum og fullorðnum. Hún er aldursskipt fyrir 14 ára og yngri, 15-17 ára og svo 18 ára og eldri. Á Alþjóðlega netöryggisdeginum, 11. febrúar var nýrri kynningarherferð Barnaheilla á Ábendingalínunni ýtt úr vör. Hin nýja kynningarherferð byggir á slagorðunum „þú getur hjálpað okkur að eyða því versta“ <https://www.youtube.com/watch?v=1Jf1W8qdNjw>

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 16:59

Elfa E. Ármannsdóttir,
fundarritari